

Sigurður Á. Þráinsson,
Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 22. september 2015
2015090015/42-5
OKN, TB
jgo/tb

Undanþága frá lögum nr. 64/1994, umsögn

Vísað er til bréfs/tölvupósts frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 22. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn um undanþágu frá lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Óskað er eftir undanþágu til að veiða rjúpur vegna rannsókna á hugsanlegum mengunaráhrifum á rjúpur frá eldgosinu í Holuhrauni. Óskað er eftir leyfi til að veiða allt að 100 fugla á Fljótsdalsheiði þ.e.a.s að leitast verður við að ná alls 25 fullorðnum fuglum og veiðum hætt þegar þeirri tölu er náð en þó aldrei veiddir fleiri en 100 fuglar.

Náttúrufræðistofnun mælir með framangreindum rannsóknum og leggur til að undanþága til að veiðanna verði veitt. Stofnunin er í samstarfi við umsækjendur á þann veg að hún útvegar sýni úr rjúpum veiddum í Þingeyjarsýslum.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

